



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Nóvember 2016



2. nóvember 2016

4. tbl. 6. árg

Til umhugsunar:

- **Bros** kostar ekkert en ávinnur mikið
- **Bros** getur dimmu í dagsljós breitt

Nóvember heldur nú innreið sína og enn er veðrið dásamlegt. Það léttir nú heldur betur lífið og gleður hjartað þegar veðurguðirnir hugsa svona vel um okkur. Skólastarfið heldur áfram og samkvæmt venju eru mikið nám í gangi í nóvember og margt skemmtilegt á dagskránni. Í október var haustfrí nemenda og kennara auk þess sem viðtalsdagur var í lok mánaðarins. Framundan er því seinni hluti haustannar en í janúar verða aftur viðtals dagar þar sem nám og skólaganga nemenda verður í brennidepli.

Áður en að því kemur er margt sem þarf að huga að og vinna vel. Læsi er eins og áður hefur verið nefnt, stór þáttur í lífi nemenda. Að verða vel læs á lífið og tilveruna getur skipt sköpum í lífi hvers einstaklings. Lestur er einnig afar mikilvægur til að auðvelda nám og annað sem nemendur taka sér fyrir hendur í dagsins önn og er æfing í lestri grunnvallarþáttur í skólagöngu nemenda. Við hvetjum því alla forráðamenn að aðstoða börn sín við að æfa lestur í hvaða formi sem hann birtist. Gleymum því ekki að öll þurfum við að viðhalda lestrinum svo hann verði okkur auðveldur og tamur og því er afar gott fyrir okkur að lesa á hverjum degi.

Í nóvember er haldinn hátíðlegur Dagur íslenskrar tungu, nánar tiltekið 16. nóvember. Þá hugum við sérstaklega að ástkæra ylhýra málinu okkar, íslenskunni. Daginn eftir verður smíðjudagur í Glerárskóla og verður þema hans: Íslenska. Tunglumálið okkar verður því í hávegum haft í nóvembermánuði og væri gaman ef forráðamenn sjá sér fært að styðja okkur í skólanum við að efla læsi á alla vegu.

Að sjálfsögðu höldum við áfram að sinna öðrum áherslum skólans og til að mynda tökum við þátt í Baráttudegi gegn einelti með því að mynda vinakeðju utan um skólann okkar. Öll hjálp frá forráðamönnum er vel þegin þegar þar að kemur.

Eins og alltaf eru forráðamenn velkomnir í skólann því það er alltaf gaman, gott og styðjandi að fá heimsókn.

Skólinn okkar er frábær og við höldum bjartsýn áfram við að styrkja jákvæða ímynd hans í fullri vissum um að:

Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Elínu og Helgu



Efnisyfirlit:

Nóvember 2016	1
Styrkir	2
Baráttudagur gegn einelti	2
Tónleikar	2
Umhverfismál	2
Endurskin og umferð	2
Ruslafötur	3
Helstu atburðir	3
Morgunkaffi	4
Fræðsla	4
Öðruvísi dagar	4
Mynd augna- blikksins	4

Styrkir til Glerárskóla

Á þessu skólaári hefur Glerárskóli fengið tvenns konar styrki. Sá fyrri er frá Forriturum framtíðarinnar og felur hann í sér aðstoð fyrir kennara til að útvíkka sig og efla í forritunarkennslu.

Hinn síðari er frá Endurmenntunarsjóði Grunnskóla og er það styrkur til að efla jákvæðan aga í skólanum og vinnu við nýtt námsmat og fjölbreytta kennsluhætti.

Við erum afar þakklát fyrir þessa styrki sem nú þegar hafa nýst að hluta til í skólastarfinu.

Baráttudagur gegn einelti



Í næstu viku, nánar tiltekið þriðjudaginn 8. nóvember n.k., er alþjóðlegur baráttudagur gegn einelti. Glerárskóli hefur um árabil tekið þátt í þessum degi meðal annars með því að mynda vinakeðju utan um skólann.

Við munum að þessu sinni gera okkar besta til að keðjan nái alla leið og biðlum því til þeirra forráðamanna sem sjá sér fært að aðstoða okkur að láta sjá sig og vera með.

Vinakeðja Glerárskóla verður mynduð **þriðjudaginn 8. nóvember kl. 9:20**

Hjálpumst að og tökum þátt í baráttunni gegn einelti.

Umhverfismál

Þann 16. september flaggaði Glerárskóli Grænfánanum í fimmta sinn. Skólinn fær fánann afhentan til tveggja ára í senn og á hverju tímabili er unnið að ákveðnu þema sem að þessu sinni er neysla. Skólinn leggur áherslu á að allir í skólasamfélaginu skoði neysluvenjur og hvaða áhrif neysla hefur á náttúru og auðlindir jarðar. Við leitum lausna á því hvað hægt er að gera betur í þessum efnum og viljum að allir líti í eign barm og beri ábyrgð. Nemendur sjá nú sjálfir um að skammta sér á diska í mötuneytinu og þeir bera einnig ábyrgð á umbúðum sem þeir hafa um nesti sitt. Með góðri umgengni og nýtingu hráefna er borin virðing fyrir fjármunum, öðru fólki og umhverfinu í nútíð og framtíð. Við skulum því öll reyna að nota minna, nota aftur og aftur og svo endurvinna.



TÓNLEIKAR

Grunnsveit
Tónlistarskólans á
Akureyri ætlaði að
heimsækja
Glerárskóla í
október en því
miður varð ekki af
þeirri heimsókn.
Hún mun aftur á
móti verða
fimmtudaginn
24. nóvember
kl. 10:00 en þá
fylgir 1.—4. bekkur
fjörugum tónum frá
grunnsveitinni.

Endurskinsmerki og varkárni í umferðinni

Nú er orðið áliðið að hausti og birta hér norðan heiða orðin af skornum skammti í morgunsárið og síðdegis. Við biðjum forráðamenn að brýna fyrir börnunum sínum að fara varlega í umferðinni. Notað gangstéttar, stíga og gangbrautir á leið sinni í og úr skóla.

Einnig biðjum við forráðamenn að merkja börnin vel með endurskinsmerkjum því þau geta verið lífsnauðsynleg þegar svartasta skammdegið gengur í garð.



Verum vakandi og „sjáumst“ í umferðinni!



Ruslafötur—flokkun á sorpi!

Nokkrar ruslafötur eru staðsettar utan á skólahúsnæðinu okkar og gegna þeim tilgangi að taka við rusli sem er ekki flokkunarhæft. Nokkuð mikið hefur borið á því að nemendur eru að nýta þessar ruslafötur til að henda fernum sem þeir eiga að taka með sér heim og flokka þar.

Í umhverfisvænum skóla, eins og okkar, sem flokkar allt sorp, er þetta hið versta mál. Við höfum því tekið á það ráð að fækka þessum ruslafötum og biðlum nú til ykkar kæru forráðamenn að aðstoða okkur við að koma börnunum í skilning um hversu miklu máli það skiptir fyrir umhverfið og framtíðina að við tökum öll ábyrgð á að flokka ruslið okkar á réttan hátt. Umhverfisnefnd er einnig að vinna að því að leysa þetta mál.

Takk fyrir samvinnuna!

„Gættu fegurðar hjarta þíns og þú verður eilíflega ungur!“

Austurlenskt spakmæli

Helstu viðburðir í nóvember og desember 2016 (jan'17)

3. nóvember: 9.—10. bekkur: Guðrún Hadda myndlistarmaður kemur í heimsókn

4. nóvember: 9. bekkur—Hinseginfræðsla

7. og 9. nóvember: 9. bekkur—Grófin - fræðsla um geðheilbrigði

8. nóvember: Baráttudagur gegn einelti—Vinakeðja

15. nóvember: 10. bekkur—Fjármálafræðsla (Foreldrafræðsla að kvöldi)

16. nóvember: Dagur íslenskrar tungu

17. nóvember: Smiðjudagur—Íslenska

18. nóvember: Ævar vísindamaður heimsækir 5. og 6. bekk

25. nóvember: 8. bekkur—Vímuefnafræðsla

26. nóvember: Jólaföndur foreldrafélagsins frá kl. 11:00—13:00

1. desember: Fullveldisdagur—góður matur og hátíðarklæðnaður

2. desember: Glerárvision

19. desember: Litlu jól unglingastigs að kvöldi

20. desember: Litlu jól miðstigs og yngstastigs—tvískipt að morgni

21. desember—2. janúar: Jólafrí nemenda

3. janúar 2017: Skóli hefst samkvæmt stundaskrá

**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á Facebook:
Glerárskóli

**Öðruvísidagar og uppkomur í
nóvember!**

Föstudagurinn 4. nóvember:

Hrekkjavöku böll

—yngsta stig kl. 17:00—18:30

—miðstig kl. 19:30—21:30

Föstudagurinn 18. nóvember:

Náttfata- og bangsadagur hjá öllum

Starsmannabreytingar

Írisar Hafberg umsjónarkennari í 4. bekk fer brátt í fæðingarorlof en mun fyrst um sinn minnka aðeins við sig í kennslu.

Ingibjörg Björnsdóttir kennari hefur verið ráðin í hennar stað og mun byrja í hlutastarfi en tekur síðan við 100% stöðu.

Við bjóðum Ingibjörgu velkomna í starfið og óskum Írisi alls hins besta.

Morgunkaffi með stjórnendum!

Morgunkaffi með stjórnendum er óformlegt samtal forráðamanna og stjórnenda Glerárskóla. Morgunkaffið er frá kl. 8:15—8:45 á kaffistofu starfsmanna.

Í nóvember verður morgunkaffi með stjórnendum sem hér segir:

Miðvikudaginn 9. nóvember: **1. bekkur**

Föstudagurinn 11. nóvember: **9. bekkur**

Miðvikudagurinn 23. nóvember: **8. bekkur**

Þriðjudagurinn 29. nóvember: **6. bekkur**

Næsta morgunkaffi þar á eftir verður í febrúar 2017.

Fræðsla nóvembermánaðar!

Föstudagur 4. nóvember: 9. bekkur—Hinseginfræðsla

Mánudagur 7. og miðvikudagur 9. nóvember: 9 bekkur—Grófin—geðheilbrigðisfræðsla

Þriðjudagur 15. nóvember: 10. bekkur—Fjármálafræðsla

Föstudagur 18. nóvember: 5.– 6. bekkur—Ævar vísindamaður

Föstudagur 25. nóvember: 10. bekkur—Vímuefnafræðsla

Foreldrafræðsla—Hlutverk foreldra og skólans í lífi barna

Mánudaginn 31. október til miðvikudagsins 2. nóvember er foreldrafræðsla í 1., 5. og 8. bekk í Glerárskóla. Fræðslan er í samvinnu við forvarnar- og félagsráðgjafann Vilborgu Hjörnýju Ívarsdóttur og er í matsal skólans kl. 16:30. Nánara skipulag hefur verið sent í tölvupósti.

Mynd augnabliksins!



Allir á sínum stað—Rýmingaræfing tókst vel í góða veðrinu !